



Alþingi

Erindi nr. P 130/1616

komudagur 3/3 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur á fundi sínum 26. mars s.l. tekið til umfjöllunar þau mál sem borist hafa frá Alþingi á síðustu dögum og óskað er eftir umsögn um.

Hér fer á eftir afgreiðsla stjórnar og þær ályktanir sem samþykktar voru.

Mál nr. 257. Um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stjórn FSV tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Mál nr. 157. Frumvarp til laga um umönnunargreiðslur. Stjórn FSV gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Mál nr. 268 Um formlegt samstarfs ríkis sveitarfélaga og fl. í heilbrigðis-trygginga-og félagsmálum.

Stjórn FSV er því fylgjandi að samstarf ríkis-sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-trygginga-og félagsmálum sé eftt og aukið. Sveitarfélögin sinna heimaþjónustu aldraðra og ýmsum málefnum fatlaðra og oft er ekki nægilegt samráð milli þessara aðila. Við bendum þó á að í þeim viðræðum sveitarfélaga og ríkisins sem nú fara fram um eflingu sveitarstjórnarstigsins með því að færa til þeirra aukin verkefni sem m.a. koma inn á þessa þætti þá sé hægt að bæta þá skilvirkni sem tillagan gerir ráð fyrir.

Mál nr. 156. Um breytingu á sveitarstjórnarlögum , íbúáþing.

Stjórn FSV telur ekki rétt að skylda sveitarfélögin til þess að halda íbúáþing, heldur sé það sjálfstæð ákvörðun hvers sveitarfélags. Hins vegar ef sveitarstjórn ákveður að halda íbúáþing er æskilegt að til séu einhver ákvæði um hvernig að þeim skuli staðið og um eftirfylgni þeirra.

Við leggjum því til eftirfarandi breytingu á fyrstu málsgrein.:

“Sveitarstjórn er heimilt að standa fyrir íbúáþingi a.m.k. einu sinni á hverju kjörtímabili.”

Þá leggst stjórn FSV alfarið gegn því að ráðherra séu gefnar opnar heimildir til setningar reglugerða eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

X **Mál nr. 569.** Um siglingavernd. Stjórn FSV vísar umfjöllun til sveitarfélaga.



Mál nr. 594. Um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum o.s.frv. Erniir o.fl.

Umsögn:

Svo virðist í kaflanum um erni að verið sé sérstaklega að bregðast við tilteknum dómi hæstaréttar. Ekki er gerð athugasemd við það, en varast ber þó að fara offari með þeim viðbrögðum.

Í VII kafla og 18. gr 2. málsgrein leggjum við til að komi eftirfarandi viðbót á eftir orðunum myndatöku og rannsókna, “;og vegagerðar”.

Stjórn FSV leggst alfarið gegn því ákvæði í 19. gr. að ekki megi koma nær arnarhreiðrum en 500 m. á tímabilinu 15. mars til 15. ágúst.

Ákvæði þetta virðist eiga að gilda um öll hreiðurstæði arna sem einhverntíma hefur verið orpið í þó enginn fugl hafi orpið þar síðustu árin. Til frekari rökstuðnings bendum við á að á Vestfjörðum sérstaklega við Breiðafjörð eru ýmis búsvæði arna, sem sum hafa ekki verið notuð árum saman. Á þessum slóðum er mjög mikið eftir í vegalagningu og m.a. hefur verið í skoðun hjá Vegagerðinni og Skipulagsstofnun ýmsar nýjar leiðir um Gufudalssveit og Múlasveit. Sumar þær leiðir koma nálægt gömlum arnarstæðum, t.d. þverun fjarða. Með því að setja það skilyrði sem nefnt er að ekki megi koma nær gömlum hreiðurstæðum en 500 m er í raun verið að segja að ekki megi leggja þarna vegi. Þá fer að verða lítið landrymi fyrir nýja vegarlagningu, sem íbúar Barðastrandarsýslu hafa lengi beðið eftir, og vænst er að auki ferðamannastraum til Vestfjarða.

Við beinum þeim eindregnu tilmælum til Umhverfisnefndar Alþingis að hún taki þessar ábendingar okkar til greina við afgreiðslu frumvarpsins.

Mál nr. 452. Tillaga til þingsályktunar um vetnisráð. Stjórn FSV tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

Mál nr. 125. Tillaga til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur. Stjórn FSV tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

Vinsamlegast komið þessum ályktunum til viðkomandi nefnda Alþingis.

Virðingarfyllst.

Ísafirði 29. mars 2004.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga.